

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Lög um veitingu ríkisborgararéttar*, undirskrifuð af forsetanum 26. janúar 1949, nr. 1.

*Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda*, undirskrifað af forsetanum 13. janúar 1949, nr. 2.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1949*, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1949, nr. 3.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipi*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 4.

*Lög um kjötmát o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 22. febrúar 1949, nr. 5.

*Lög um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða*, undirskrifuð af forsetanum 23. febrúar 1949, nr. 6.

*Forsetabréf um heiðursmerki Rauðakross Íslands*, undirskrifað af forsetanum 24. febrúar 1949, nr. 7.

*Lög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á islenskum og erlendum gjaldeyri*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 8.

*Lög um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða*, undirskrifuð af forsetanum 26. febrúar 1949, nr. 9.

*Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1949, nr. 10.

*Lög um afhending skyldueintaka til bókasafna*, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1949, nr. 11.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur*, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1949, nr. 12.

*Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga*, undirskrifuð af forsetanum 16. marz 1949, nr. 13.

*Lög um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 14.

*Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

*Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 16.

## AUGLÝSING

31

21. febr.

um breyting á reglugerð nr. 164 13. des. 1948, um breytingu á reglugerð nr. 167, 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld og flokkun starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar.

1. gr.

Breyting sú á iðgjaldi í 3. áhættuflokk, er felst í auglýsingu nr. 164/1948, tekur ekki til iðgjalda vegna ökumanna bifreiða fyrr en við lok yfirstandandi bifreiðaskattsárs.

21. febr. Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, öðlast þegar gildi, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1949.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

Gísli Jónasson.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

### I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 22.00 á ári af m<sup>2</sup>.
3. Til götu og hafnarlýsingar á kr. 1.00 hver kwst.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Auk þessa skal greiða fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

#### C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 19 aura hver kwst. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegis og 1 stund síðdegis.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að 3 stundum á sólarhring, en þó hæst 1½ stund í senn.